

Fundur í landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar á skrifstofu sveitarfélagsins þann 18. ágúst kl:18:00

Mættir voru Hafliði Jónsson, Reimar Sigurjónsson, Gunnlaugur Ólafsson, Sigríður Gamalíasdóttir, Jónas Lárusson, Krzysztof Krawczyk auk þeirra sátu fundinn Marínó Jóhannsson og Björn Guðmundur Björnsson sem ritaði fundargerð.

Reimar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Engin formleg dagskrá var send en eftirfarandi var gert:

Tillaga lögð fram að Reimar verði formaður landbúnaðarnefndar og Ævar Rafn Marínósson varaformaður – hvortveggja samþykkt samhljóða. Sigríður Gamalíasdóttir kosin samhljóða sem ritari.

Tillaga lögð fram að landbúnaðarnefnd fari með málefni fjallskiladeildar eystri og vestri, árið 2010 og skal svo endurskoðast miðað við nýja fjallskilareglugerð sem nýlega hefur tekið gildi – tillagan samþykkt samhljóða.

Stefnt skal að því að nefndin komi saman sem fyrst vegna skipulags gangna og formanni falið að boða til þess fundar.

Eftir miklar umræður um fjallskilamál og fl. var fundi slitið kl: 19:00.